

Kirkjuþing 2022-2023

52. mál – þskj. 80

TILLAGA

að starfsreglum um meðferð mála og aðgerðir er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, ámælisverða og refsiverða háttsemi innan þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af biskupi Íslands.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

I. KAFLI

Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Markmið.

Markmið starfsreglna þessara er að tryggja að fagleg úrræði séu til staðar ef upp koma atvik er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, ámælisverða og/eða refsiverða háttsemi innan þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Gildissvið.

Starfsreglur þessar ná til vígðra þjóna íslensku þjóðkirkjunnar og annarra starfsmanna í launuðum sem ólaunuðum störfum innan sókna og stofnana þjóðkirkjunnar auk kjörinna fulltrúa og þeirra er valin hafa verið til trúnaðarstarfa, hvort sem starf þeirra fer fram í húsnæði þjóðkirkjunnar eða annars staðar. Jafnframt gilda þær um öll störf sem tengjast starfsemi og verkefnum þjóðkirkjunnar svo sem á ráðstefnum, námskeiðum, ferðalögum og öðrum samkomum. Starfsemi utanaðkomandi aðila í húsnæði þjóðkirkjunnar fellur ekki undir starfsreglur þessar.

Starfsreglur þessar gilda um meðferð mála og aðgerðir er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, ámælisverða eða refsiverða háttsemi sem á sér stað í starfsemi þjóðkirkjunnar.

Starfsreglur þessar gilda einnig um meðferð mála og aðgerðir er varða siðferðislega ámælisverða háttsemi sem brýtur í bága við siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar, eins og þær eru samþykktar af kirkjuþingi hverju sinni.

3. gr.

Aðild.

Hverjum þeim sem tekur þátt í starfsemi þjóðkirkjunnar og býr yfir vitneskju um ætlað kynferðisbrot eða annað ofbeldi gegn barni, er skilyrðislaust skylt að tilkynna slíkt samkvæmt gildandi lögum til lögreglu og/eða barnaverndaryfirvalda.

Hver sem telur starfsmann þjóðkirkjunnar hafa mögulega orðið uppvísan að háttsemi, sem starfsreglur þessar eða siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar taka til, getur borið mál undir aðgerðateymið.

Starfsmenn sem verða fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi, ámælisverðri eða refsiverðri háttsemi innan þjóðkirkjunnar, verða varir við eða hafa rökstuddan grun eða vitneskju um slíka háttsemi í starfsemi þjóðkirkjunnar ber, samkvæmt starfsreglum þessum með vísan til 9. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, að tilkynna það svo að hægt sé að bregðast við því með réttum hætti.

4. gr.

Orðskýringar.

Í starfsreglum þessum er merking eftirfarandi orða sem hér segir, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglugerð velferðarráðuneytisins nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum:

a. Einelti: Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

b. Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misþjóa virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

c. Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misþjóa virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

d. Ofbeldi: Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis.

Þá er í starfsreglum þessum og verklagsreglum byggðum á þeim, merking eftirfarandi orða sem hér segir:

- a) **Tilkynnandi:** Sá sem telur sig hafa orðið vitni að eða hefur upplýsingar um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, ámælisverða eða refsiverða háttsemi og tilkynnir háttsemina til aðgerðateymisins.
- b) **Polandi:** Sá sem telur sig hafa orðið fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi, ámælisverðri eða refsiverðri háttsemi.
- c) **Gerandi:** Sá sem kvörtun um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, ámælisverða eða refsiverða háttsemi beinist að.

- d) **Starfsmaður:** Einstaklingar sem koma að starfsemi þjóðkirkjunnar á einn eða annan hátt, hvort sem þeir eru eða hafa verið í beinu ráðningarsambandi við þjóðkirkjuna, s.s. prestar, starfsfólk sókna eða þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar eða starfa eða hafa starfað fyrir þjóðkirkjuna í ólaunuðum störfum eða verkefnum.
- e) **Aðili máls:** Einstaklingur sem talið er að hafi beitt ofbeldi og/eða einstaklingur sem talið er að hafi orðið fyrir broti.
- f) **Starfsemi þjóðkirkjunnar:** Allt starf sem eðli máls og venju samkvæmt er unnið af starfsmönnum þjóðkirkjunnar til að þjónusta, fræða eða sinna á annan hátt, þeim sem þiggja þjónustu frá þjóðkirkjunni, hvar sem sú þjónusta er veitt. Starfsemi þriðja aðila í húsnæði þjóðkirkjunnar fellur ekki hér undir.
- g) **Vinnustaður:** Umhverfi innanhúss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna, sbr. 41. gr. laga nr. 46/1980.
- h) **Aðgerðateymið:** Aðgerðateymi þjóðkirkjunnar sem skipað er skv. starfsreglum þessum.
- i) **Áreitni:** Hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Eitt tilvik getur talist áreitni.
- j) **Háttsemi:** Hegðun (athæfi, framferði, framkoma, breytni) einstaklings gagnvart öðrum aðila.
- k) **Ámælisverð háttsemi:** Óviðunandi, óviðeigandi, ósiðleg eða ólögleg hegðun (athæfi, framferði, framkoma, breytni) einstaklings gagnvart öðrum aðila.
- l) **Refsiverð háttsemi:** Hver sú háttsemi, athöfn eða athafnaleysi, sem refsing liggur við samkvæmt þeim refsheimildum sem gildandi eru taldar á hverjum tíma.
- m) **Blygðunarsemi:** Kynferðisleg siðferðistilfinning einstaklings.
- n) **Kynferðisbrot:** Samheiti hegningarlaga brota sem á einhvern hátt varða kynfrelsi manna, sbr. ákvæði XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- o) **Brot gegn barni:** Samheiti laga brota sem á einhvern hátt varða réttindi barna, sbr. ákvæði XVIII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Um merkingu annarra orðskýringa en tilgreindar eru í a–o liðum 2. mgr. fer, eftir því sem við á, samkvæmt lögum og reglugerðum.

II. KAFLI

Skipan aðgerðateymisins og hæfi fulltrúa aðgerðateymisins.

5. gr.

Skipan aðgerðateymis þjóðkirkjunnar.

Biskup Íslands skipar þrjá fulltrúa í aðgerðateymi þjóðkirkjunnar og þrjá til vara. Hyggist biskup skipa nýjan fulltrúa í aðgerðateymið skal það gert með sex mánaða fyrirvara.

Í aðgerðateyminu skulu hvorki vera vígðir þjónar kirkjunnar né sérþjónustuprestar, sem ráðnir hafa verið á vegum stofnana eða félagasamtaka, né að öðru leyti fastráðnir starfsmenn kirkjunnar eða þeir sem sinna öðrum trúnaðarstörfum fyrir kirkjuna.

Þeir sem skipaðir eru í aðgerðateymi þjóðkirkjunnar skulu vera sérfróðir um þau mál er falla undir starfsreglur þessar og skal a.m.k. einn þeirra vera löglærður. Skal sá vera formaður aðgerðateymisins.

Við skipun í aðgerðateymið skal gætt að ákvæðum 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

6. gr.

Hæfi fulltrúa aðgerðateymisins.

Hver sá sem situr í aðgerðateymi þjóðkirkjunnar má ekki eiga neina aðkomu að máli sem varðar hann persónulega eða ef aðstæður eru fyrir hendi sem eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir eða eðli málsins er með þeim hætti að hvorki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á afgreiðslu málsins. Það leiðir ekki til vanhæfis til afgreiðslu máls þegar mál varðar almenna þjóðkirkjulega hagsmuni þegar þeir sem skráðir eru í þjóðkirkjuna verða taldir eiga svipaðra hagsmuna að gæta.

Fulltrúar aðgerðateymis skulu án tafar vekja athygli á ástæðum sem kunna að valda vanhæfi þeirra og sker formaður aðgerðateymisins úr. Leiki vafi á hæfi formanns aðgerðateymis skulu aðrir fulltrúar aðgerðateymisins í sameiningu, skera úr um það.

III. KAFLI

Hlutverk aðgerðateymis þjóðkirkjunnar og málsmeðferð.

7. gr.

Hlutverk aðgerðateymisins.

Hlutverk aðgerðateymisins er að taka við tilkynningum er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, ámælisverða og/eða refsiverða háttsemi í starfsemi þjóðkirkjunnar, kanna þær ávirðingar sem þar koma fram og grípa til þeirra aðgerða sem starfsreglur þessar og lög mæla fyrir um.

1. Eftir því sem við á skal aðgerðateymið grípa til aðgerða og ljúka meðferð máls sem hefur verið tilkynnt til þess með eftirfarandi hætti:
 - a) Með bréfi þar sem könnun máls er lokið eftir forkönnun, að beiðni þolanda eða óformlega meðferð máls.
 - b) Með gerð álits, eftir formlega meðferð máls, þar sem lagt er mat á atvik máls og háttsemi, og komið með tillögu að aðgerðum.
 - c) Með sáttameðferð þar sem leitað er satta á milli málsaðila í samræmi við óskir þeirra.
 - d) Með kæru til lögreglu eða tilkynningu til barnaverndaryfirvalda.

- e) Með því að leiðbeina málsaðila um lagaleg úrræði og/eða veita sálgæslu og/eða aðstoða við að leita til fagaðila.
2. Taka ákvörðun um hvort nauðsynlegt sé að vinnuskilyrðum málsaðila sé breytt á meðan könnun máls fer fram og/eða hvort grípa þurfi til annarra tímabundinna öryggisráðsstafana. Skal þá gætt meðalhófs og ekki farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.
3. Taka til umfjöllunar mál sem úrskurðanefnd þjóðkirkjunnar eða biskup Íslands kunna að vísa til aðgerðateymisins og veita þeim þá ráðgjöf í slíkum málum.
4. Vera biskupi til ráðgjafar um öll mál er kunna að varða háttsemi sem fellur undir starfsreglur þessar.
5. Veita biskupi árlega upplýsingar um starf aðgerðateymisins og koma með ábendingar ef aðgerðateymið telur að breyta þurfi starfsreglum þessum eða stefnu þjóðkirkjunnar.

8. gr.

Málsmeðferð.

Aðgerðateymið skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess.

Berist aðgerðateyminu skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, skal það í samráði við sendanda, framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er.

Óheimilt er að mismuna málsaðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða, byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.

Við könnun ávirðinga og meðferð máls skal aðgerðateymið gæta nærfærni og huga eftir föngum að einkalífi málsaðila og persónuvernd. Aðgerðateymið skal virða óskir þolenda um að hætta könnun máls enda standi lög því ekki í vegi.

Aðgerðateymið skal eins og við verður komið sjá til þess að mál sem hefur verið tilkynnt til þess sé nægjanlega upplýst áður en meðferð þess er lokið.

Við úrlausn mála skal aðgerðateymið gæta hlutleysis, samræmis og jafnræðis eftir því sem við á.

Aðgerðateymið er til svara gagnvart fjölmiðlum og öðrum aðilum eftir því sem við á, um mál sem það hefur til meðferðar og að jafnaði er formaður þess í fyrirsvári.

Aðgerðateymið skal tilkynna biskupi um móttöku tilkynningar án tafar sem og um afdrif máls þegar málsmeðferð lýkur. Þá skal aðgerðateymið veitta biskupi upplýsingar um framvindu málsins ef eftir því er óskað. Aðgerðateymið skal meta hvort nauðsynlegt sé að gæta nafnleyndar málsaðila, vitna og annarra er koma að málum í gögnum sem það deilir.

Um störf aðgerðateymisins og meðferð mála fer að öðru leyti eftir verklagsreglum sem aðgerðateymið skal setja í samráði við biskup og tekur mið af stjórnsýslulögum og lögum um meðferð einkamála og sakamála eftir því sem við á.

9. gr.

Fræðsla og forvarnir.

Biskupsstofa skal annast leiðbeiningar og fræðslu til starfsfólks þjóðkirkjunnar um stefnu þjóðkirkjunnar, verklag og verkferla í málum þeim sem heyra undir starfsreglur þessar.

Aðgerðateymi skal vera biskupsstofu til ráðgjafar og aðstoðar um fræðslu og forvarnir sem heyra undir starfsreglur þessar.

IV. KAFLI

Aðstoð fagaðila.

10. gr.

Aðstoð fagaðila.

Aðgerðateyminu er heimilt að leita aðstoðar hjá fagaðila ef nauðsyn krefur. Hann starfar í umboði og á ábyrgð aðgerðateymisins og upplýsir það um starf sitt með viðkomandi málsaðila. Fagaðilinn skal hafa menntun og reynslu af vinnu við mál er falla undir starfsreglur þessar.

Gegni fagaðilar rannsóknarhlutverki, skal tryggt að þeir séu óháðir málsaðilum. Reynt skal að tryggja að báðir aðilar séu sáttir við þá aðila sem fengnir eru að rannsókn máls.

V. KAFLI

Trúnaðarskyldur, aðgangur að gögnum aðgerðateymis og varðveisla gagna.

11. gr.

Trúnaðarskyldur.

Mæli lög ekki á annan veg er fulltrúum í aðgerðateyminu og öðrum þeim sem að málunum koma skylt að gæta þagmælsku um einstök mál og er óheimilt að veita óviðkomandi aðilum upplýsingar um þau. Fara skal með öll gögn og upplýsingar sem tengjast einstökum málum í samræmi við gildandi ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Fulltrúum í aðgerðateyminu ber að halda trúnað eftir að þeir láta af störfum.

12. gr.

Aðgangur að gögnum.

Um aðgang að upplýsingum um einstök mál, fer að gildandi lögum á hverjum tíma. Aðgerðateymið getur óskað eftir gögnum frá starfseiningum þjóðkirkjunnar, er varða mál sem það hefur til meðferðar.

13. gr.

Varðveisla gagna.

Aðgerðateymið geymir vinnuskjöl máls í tvö ár frá því að meðferð máls lýkur hjá aðgerðateyminu, á grundvelli skriflegs samþykkis aðila máls. Veiti aðilar ekki samþykki

fyrir slíkri gagnageymslu er gögnunum eytt að undanskilinni niðurstöðu máls sem fram kemur í bréfi eða álitni aðgerðateymisins sem annars vegar er afhent aðilum máls og hins vegar biskupsstofu f.h. þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar.

Aðgerðateymið og þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar gera með sér vinnslusamning m.v.t. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, þar sem m.a. er kveðið á um skil og eyðingu gagna þegar fulltrúar aðgerðateymis láta af störfum.

VI. KAFLI

Þóknun og kostnaður vegna aðgerðateymisins.

14. gr.

Þóknun aðgerðateymis.

Um þóknun aðgerðateymis þjóðkirkjunnar, fyrir störf sín og annan kostnað vegna starfa aðgerðateymisins fer samkvæmt ákvörðun kjaranefndar Þjóðkirkjunnar.

VII. KAFLI

Gildistaka.

15. gr.

Gildistaka.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna, nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla úr gildi starfsreglur um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar nr. 330/2019, með síðari breytingu.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, ber vinnuveitanda m.a. að sjá til þess að gripið verði til aðgerða gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi, sbr. einnig reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum (hér eftir nefnd EKKO rg.).

Í samræmi við þessa lagaskyldu voru á kirkjuþingi 2019 samþykktar starfsreglur um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar nr. 330/2019, sbr. starfsrgl. nr. 1158/2020. Gert er ráð fyrir í f-lið, 2. mgr. 6. gr. reglnanna að teymi þjóðkirkjunnar komi með ábendingar ef það telji að þörf sé á að breyta starfsreglunum eða stefnu þjóðkirkjunnar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar. Með hliðsjón af því og þeirri reynslu sem komin er á störf teymisins var ráðist í gerð nýrra starfsreglna í samráði við fulltrúa í teyminu, sem töldu endurskoðun á þeim tímabæra. Markmiðið með endurskoðuninni var aðallega að skerpa á hlutverki teymis þjóðkirkjunnar og ramma verklags þess.

Talið var rétt að leggja fram tillögur að nýjum starfsreglum í stað þess að breyta gildandi starfsreglum þar sem fyrir lá að heildarendurskoðun var nauðsynleg bæði á starfsreglunum sem og stefnu Þjóðkirkjunnar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan Þjóðkirkjunnar, sem samþykkt var á kirkjuþingi 2018, en þeirri stefnu fylgdi einnig fylgiskjal. Ekki er að öllu leyti samræmi milli skjalanna þriggja. Því þótti nauðsynlegt að endurskoða og samræma heildstætt efni þessara skjala og marka þeim skýrari ramma hverju fyrir sig. Þegar umfang breytinganna lá fyrir þótti réttara að leggja fram tillögu að nýjum starfsreglum til samþykktar fyrir kirkjuþing sem og stefnu í stað þess að leggja fram breytingartillögu á gildandi starfsreglum og stefnu. Var talið að sú leið væri markvissari og skýrari. Auk þess sem slík framsetning væri auðveldari til þinglegrar meðferðar.

Með starfsreglum þessum er hlutverki og starfi teymis Þjóðkirkjunnar, sem lagt er til að verði framvegis nefnt aðgerðateymi Þjóðkirkjunnar, markaður skýr rammi en gert er ráð fyrir því að nánari útfærsla á meðferð mála hjá því verði sett fram í verklagsreglum þess sem biskup Íslands samþykkir. Ekki er gert ráð fyrir því að heimildir og hlutverk aðgerðateymisins sé víðtækara en í núgildandi reglum að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að það geti framvegis metið hvort háttsemi meintra gerenda brjóti gegn siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks Þjóðkirkjunnar sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2009, sbr. breytingar á kirkjuþingum 2013 og 2018. Jafnframt að aðgerðateyminu verði heimilt að taka mál til óformlegrar meðferðar, þ.e. ljúka málum án þess að skila af sér formlegu álitni, sem og leita sátta á milli aðila. Ljóst er að verklagsreglur aðgerðateymisins verða alltaf að vera í samræmi við starfsreglur þær sem kirkjuþing samþykkir hverju sinni.

Helstu nýmæli fyrirbyggjandi tillagna eru þessar. Í fyrsta lagi er, eins og áður er getið, lagt til að nafn teymis Þjóðkirkjunnar verði „aðgerðateymi“. Fyrra heiti þótti óþjálmt í notkun og ekki lýsandi fyrir hlutverk þess auk þess sem það gæti valdið misskilningi innan Þjóðkirkjunnar þar sem fleiri teymi kunna að starfa. Heitið aðgerðateymi þykir lýsa megintilgangi þess vel, þ.e. að grípa til aðgerða þegar fram koma ávirðingar um óásættanlega hegðun í starfsemi Þjóðkirkjunnar.

Í öðru lagi er lagt til í 7. gr. tillögunnar að aðgerðateyminu verði heimilt að leita lausna í málum sem það fær til úrlausnar með sáttameðferð á milli málsaðila eða með óformlegri meðferð. Í óformlegri meðferð felst að gripið er til annarra aðgerða en að aðgerðateymið skili rökstuddu álitni til biskups, svo sem með því að eiga samtál við meinta gerendur eða benda á leiðir til úrbóta í samskiptum, verklagi, verkaskiptingu eða fyrirkomulagi á starfsstöð. Tillaga þessi er gerð í ljósi reynslunnar af þeim málum sem hefur verið vísað til teymis Þjóðkirkjunnar. Oft hafa þolendur ekki viljað að hafin sé formleg könnun á hegðun meints geranda heldur fremur að kallað væri eftir viðurkenningu á því að farið hafi verið yfir mörk þeirra og að leitað sé leiða til að bæta samskipti og/eða að meintum geranda sé gert ljóst að hann þurfi að gæta meiri nærgætni í samskiptum án þess að nafn þolanda sé upplýst. Með breytingunum sem hér eru lagðar til er verið að mæta þessum þolendum sem og að gefa meintum gerendum tækifæri á að bæta ráð sitt og læra af reynslunni.

Í þriðja lagi er með tillögunni störfum og hlutverki aðgerðateymisins settur skýr rammi en gert ráð fyrir því að nánari útfærsla um meðferð mála hjá aðgerðateyminu verði að finna í verklagsreglum sem það setur sér sjálf og biskup samþykkir. Rétt þykir að nánari útfærsla á framkvæmd starfa aðgerðateymisins þurfi ekki að hljóta samþykki kirkjuþings hverju sinni s.s. hvernig samskiptum við málsaðila skuli háttað, uppsetning forma og bréfa o.s.frv.

Þá þykir nauðsynlegt að aðgerðateymið hafi nokkurn sveigjanleika til að marka hvaða verklag er heppilegt hverju sinni sem og hafa möguleika á að bregðast skjótt við og aðlaga og breyta verklagi sínu t.d. ef í ljós kemur að það sé óþjálmt í reynd, breytingar verða á lagaumhverfi eða tækniframfarir geti auðvelda störf þess. Sá varnagli er þó sleginn að verklag aðgerðateymisins og allar breytingar á því skuli þurfa samþykki biskups. Ítrekað er að í þessu fyrirkomulagi er ekki verið að framselja vald kirkjuþings í þessum málaflokki heldur einungis verið að tryggja ákveðin sveigjanleika í daglegum störfum aðgerðateymisins.

Í fjórða lagi er í tillögunni felld niður sú heimild sem er að finna í d-lið, sbr. c-lið fyrri másl. 2. mgr. 6. gr. nógildandi starfsreglna sem veitir teymi þjóðkirkjunnar heimild til að bjóða fjölskyldu þolanda og annarra innan kirkjunnar aðstoð fagaðila á kostnað Þjóðkirkjunnar. Umrædd heimild þykir of óljós og bjóða heim hættunni á ófyrirséðum útgjöldum. Í framkvæmd er almennt gert ráð fyrir því að aðgerðateymið þurfi ávallt að leita samþykkis biskupsstofu fyrir öllum útgjöldum áður en til þeirra er stofnað, s.s. ferðakostnaðar, enda kostnaðaráætlun unnin af biskupsstofu og útfærsla og eftir atvikum eftirfylgni ákvarðana þess unnin þar.

Í fimmta lagi er í tillögunni skerpt á reglum um meðferð gagna, persónuvernd og um nafnleynd. Er lagt til að það verði háð mati aðgerðateymisins hverju sinni hvort og þá hvernig það beitir nafnleynd í samskiptum sínum við biskupsstofu. Túlkun á ákvæðum nógildandi starfsreglna um nafnleynd hefur valdið erfiðleikum í samskiptum teymis þjóðkirkjunnar við biskupsstofu, valdið óþarfa töfum, ónæði fyrir málsaðila og í einhverjum tilfellum misskilningi. Því þykir rétt að nauðsyn nafnleyndar verði háð mati hverju sinni. Sem fyrr er gert ráð fyrir því að gætt verði nafnleyndar í almennri og/eða opinberri umfjöllun um einstök mál og að aðgerðateymið reyni eftir föngum að hafa upplýsingar sem birtast ópersónugreinanlegar.

Í sjötta og síðasta lagi er lögð til sú breyting að felld verði niður sú krafa sem er að finna í 7. gr. nógildandi starfsreglna að teymi þjóðkirkjunnar hafi umsjón með fræðslu og forvörnum í málaflokknum. Óheppilegt þykir að utanaðkomandi aðila sé fallið að hafa umsjón með einhverjum hluta fræðslu þjóðkirkjunnar þar sem það býður þeirri hættu heim að slík fræðsla sé í ekki í samræmi við fræðsluáætlun þjóðkirkjunnar á hverjum tíma auk þess sem þetta fyrirkomulag gæti haft í för með sér ófyrirsjáanleg fjárútgjöld. Sem fyrr er gert ráð fyrir að aðgerðateymið sé biskupsstofu til ráðgjafar og aðstoðar um fræðslu og forvarnir sem falla undir starfsreglurnar. Að öðru leyti er um efni tillögunnar og þau nýmæli sem þar er að finna vísað til eftirfarandi athugasemda við einstakar greinar tillögunnar.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Lagt er til að fram komi í upphafi starfsreglnanna hvert markmið þeirra sé.

Um 2. gr.

Í nógildandi ákvæði um gildissvið er fyrst og fremst að finna tilvísun til laga og reglugerðar sem starfsreglurnar byggja á. Í tillögu þessari er betur afmarkað að þær nái til allra starfsmanna þjóðkirkjunnar, einnig til sókna en gildandi reglur gera þó einnig ráð fyrir því þó orðalag þeirra hefði mátt vera skýrara hvað það varðar. Leitast er við að auka skýrleika gildissviðsins, þannig er sérstaklega tekið á því að gildissviðið er óháð því hvort meint brot fari fram í húsnaði kirkjunnar eða annarsstaðar þó þannig að utanaðkomandi starfsemi þriðja aðila í húsnaði þjóðkirkjunnar falli ekki undir starfsreglurnar.

Bætt er við efnislegt gildissvið nógildandi reglna, þar sem rætt er um ámælisverða hegðun og lagt til að starfsreglurnar gildi einnig um meðferð mála og aðgerðir er varði siðferðislega ámælisverða háttsemi sem brjóti í bága við siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar. Í nógildandi siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar er enn gengið út frá því að fyrirrennari teymisins, þ.e. fagrað þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota, geti tekið við ásökunum um brot starfsmanns þjóðkirkjunnar gegn siðareglum. Er því lagt til að aðgerðateymið taki við þessu hlutverki sem fagrað þjóðkirkjunnar hafði áður og hlutverk aðgerðarteymisins því rýmkað. Þarf því að breyta framangreindum siðareglum hvað það varðar ef tillaga þessi verður samþykkt á kirkjuþingi.

Um 3. gr.

Í upphafi ákvæðisins er orðað með skýrari hætti en í gildandi reglum að sá sem býr yfir vitneskju um ætlað kynferðisbrot eða annað ofbeldi gegn barni, sé skilyrðislaust skylt að tilkynna slíkt samkvæmt gildandi lögum til lögreglu og/eða barnaverndaryfirvalda. Um þetta er mælt í 5. gr. nógildandi reglna þó þannig að gert er ráð fyrir að málum innan kirkjunnar er varði ætluð kynferðisbrot gegn börnum skuli að jafnaði vísað til teymisins sem þó sé óheimilt að fjalla um mál sem varða ætluð kynferðisbrot gegn börnum. Eins og fram kemur í j-lið 4. gr. er litið svo á að aðili máls sé bæði sá einstaklingur sem talið er að hafi sýnt af sér hegðun sem starfsreglurnar taka til sem og sá aðili sem talið er að hafi þolað þess konar hegðun. Í nógildandi reglum er gengið út frá því að eingöngu sá sem upplifir hegðunina geti leitað með mál til teymisins en rétt þykir að hver sem er geti beint slíkri tilkynningu til aðgerðateymisins, hið sama gildir með meint brot gegn siðareglum. Með þessu er tekið tillit til þess að mjög þungbært getur reynst þolanda að tilkynna vinnuveitanda eða öðrum um reynslu sína. Jafnframt er tekið betur á skyldu vinnuveitanda til að vinna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustað með því að gera tilkynningaskylduna ríka. Komi upp tilvik þar sem tilkynning kemur frá öðrum en þolanda sem ekki vill að aðgerðateymið aðhafist nokkuð í málinu er sá vilji að sjálfsögðu alltaf virtur nema lög standi því í vegi.

Um 4. gr.

Hér er að finna skilgreiningar sem nú þegar eru í gildandi starfsreglum en liðir e-o eru nýmæli. Teymið byggir á þessum skilgreiningum í störfum sínum í dag en með því að bæta þeim inn er með formlegum hætti búið að setja upp skýran ramma fyrir útfærslu verklagsreglna sem ætlað er að aðgerðateymið setji sér og biskup samþykki sbr. 8. gr. tillögunnar.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir í 5. gr. að biskup Íslands skipi fulltrúa í aðgerðateymi þjóðkirkjunnar en áður var skipunin á borði kirkjuráðs. Rétt er að skipun fulltrúa sem og önnur málefni aðgerðateymisins færist til biskupsstofu þar sem mannauðsmál Þjóðkirkjunnar heyra þar undir.

Mikilvægt er að þekking og reynsla haldist ávallt innan aðgerðateymisins og því óæskilegt að öllum fulltrúum þess sé skipt út í einu. Að sama skapi er mikilvægt að unnt sé að skipa nýja fulltrúa í aðgerðateymið ef nauðsyn ber til, án þess að öllum fulltrúum sé skipt út. Með því er auðveldara að halda í þekkingu og reynslu þess. Gert er ráð fyrir sex mánaða uppsagnarfresti ef skipta á út fulltrúa eða fulltrúum í aðgerðateyminu, er það gert til þess að tryggja að starfandi aðgerðateymi hverju sinni geti klárað þau mál sem eru í vinnslu áður en breytingar verði á því.

Samkvæmt núgildandi reglum hefur teymið valið sér formann og varaformann. Í framkvæmd hefur það komið í ljós að brýnt er að innan þess sé löglærður einstaklingur enda er eitt meginhlutverk aðgerðateymisins að vege og meta hvort hegðun brjóti í bága við ákvæði EKKO rg. Að sama skapi þykir heppilegt að viðkomandi sé formaður aðgerðateymisins enda er hlutverk formanns þess eðlis að líklegt er að reyni á reynslu og þekkingu á lögum og reglum. Að öðru leyti er gerð krafa um að fulltrúar í aðgerðateyminu séu sérfróðir um þau mál sem það fjallar um, eins og áður var áskilið. Þá er það nýmæli að gerð er sú krafa að við skipun í aðgerðateymi sé gætt ákvæða laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020.

Um 6. gr.

Ákvæði 6. gr. felur í sér nýmæli. Miklu máli skiptir að aðgerðateymið njóti trausts og því brýnt að fulltrúar í aðgerðateyminu séu hlutlausir gagnvart þeim málum sem þeir koma að. Sú skylda er lögð á þá að vekja athygli á ástæðum sem kunna að valda vanhæfi þeirra. Formaður sker úr um hæfi viðkomandi. Varði álitamál formann aðgerðateymisins skera aðrir fulltrúar þess í sameiningu úr um það, eftir atvikum með aðstoð varamanns formanns sem einnig er löglærður eða annars sérfræðings.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er leitast við að skilgreina betur hlutverk aðgerðateymisins en nú er sem og komið að því hvernig ljúka skuli málum. Með því er settur rammi um starf og hlutverk aðgerðateymisins sem svo er gert ráð fyrir að nánar verði útfært í verklagsreglum þess, eins og áður hefur verið getið. Þá er gert ráð fyrir því að mál fyrir aðgerðateyminu geti farið í óformlega málsmeðferð ef svo ber undir en jafnframt að heimilt að leita sátta milli aðila en sú heimild er ekki fyrir hendi í nógildandi starfsreglum. Er hér því um nýmæli að ræða, en í ljósi reynslunnar er talið heppilegt að aðgerðateymið hafi þau úrræði til að leysa úr þeim málum sem vísað er til þess.

Þá er gert ráð fyrir því að aðgerðateymið geti leitað eftir því við biskup, ef nauðsynlegt er talið, að vinnuskilyrðum málsaðila sé breytt á meðan könnun máls fer fram. Jafnframt er gert ráð fyrir að mat biskups hverju sinni ráði því hvort ástæða sé til að verða við beiðni aðgerðateymisins þar um eða ekki. Ljóst er að í einhverjum tilvikum getur biskup eingöngu beitt sér fyrir að tillögu aðgerðateymisins sé fylgt, s.s. ef mál varðar aðila innan sóknar.

Um breytingar á vinnuskilyrðum málsaðila er mælt í fylgiskjali með stefnu þjóðkirkjunnar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar, en rétt þykir að þetta sé fremur haft í starfsreglum um aðgerðateymið og verklagsreglum. Að öðru leyti rímar ákvæði 7. gr. við núverandi regluverk en rétt þykir þó að mælt sé sérstaklega um að aðgerðateymið skuli vera biskupi til ráðgjafar um mál sem kunna að varða háttsemi sem fellur undir starfsreglur þessar, sérstaklega þegar litið er til þess að í framkvæmd gætu kvartanir til biskups verið þess eðlis að erfitt sé að meta hvort um sé að ræða samskiptavanda eða atvik þess eðlis að rétt sé að vísa til aðgerðateymisins til frekari skoðunar.

Um 8. gr.

Ákvæðið setur meðferð mála aðgerðateymisins skýran og ákveðinn ramma sem að öðru leyti er gert ráð fyrir að verði útfærður í verklagsreglum þess. Það nýmæli er að tilgreint er sérstaklega að óheimilt sé að mismuna málsaðilum á grundvelli ólögðmætra sjónarmiða sem og að gæta skuli að jafnræði málsaðila við úrlausn máls. Þá er undirstrikað að aðgerðateymið skuli gæta nærgætni við meðferð mála og því beri að virða óskir þolenda um að hætta könnun máls. Þá er mælt um frekari upplýsingaskyldu aðgerðateymisins til biskups auk þess sem því er falið að meta hvort gæta þurfi nafnleyndar málsaðila, vitna og annarra aðila í gögnum eða upplýsingum sem það deilir með biskupsstofu. Í nógildandi reglum er gert ráð fyrir að gögn sem deilt sé með biskupsstofu séu ópersónugreinanleg en í framkvæmd hefur það reynst örðugt og hætt er við því að það geti leitt til misskilnings. Sem fyrr er gert ráð fyrir því að persónugreinanlegum upplýsingum sé ekki dreift að óþörfu og til óviðkomandi aðila.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að ábyrgð á fræðslu og forvörnum verði ekki á hendi aðgerðateymisins heldur biskupsstofu. Eðli málsins samkvæmt þykir rétt að forræði á

fræðslumálum séu á hendi biskupsstofu eins og skipulag Þjóðkirkjunnar gerir ráð fyrir. Þá má ætla að slík fræðsla gæti orðið kostnaðarsöm ef aðgerðateyminu er falið að annast hana. Þó er sú skylda lögð á aðgerðateymið að vera biskupsstofu til ráðgjafar að þessu leyti.

Um 10. – 11. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Í ljósi reynslunnar þykir rétt að skerpa á þeirri heimild aðgerðateymisins að fá aðgang að gögnum er varða mál sem það hefur til meðferðar hverju sinni frá öllum einingum Þjóðkirkjunnar.

Um 13. gr.

Með vísan til persónuverndarlöggjafar þykir rétt að hafa skýrt ákvæði varðandi geymslu gagna. Miðað er við að gögn séu geymd í tvö ár á grundvelli skriflegs samþykkis málsaðila. Niðurstaða máls skal þó ávallt varðveitt í skjalakerfi þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar. Þá er gert ráð fyrir því að hverju sinni sé í gildi vinnslusamningur milli Þjóðkirkjunnar og aðgerðateymisins.

Um 14. gr.

Lagt er til að kjaranefnd Þjóðkirkjunnar ákvarði þóknun aðgerðateymisins eins og er um allar aðrar nefndir, stjórnir og ráð á vegum Þjóðkirkjunnar.

Um 15. gr.

Um ákvæðið er vísað til almennrar umfjöllunar í upphafi greinargerðar þar sem gerð er grein fyrir ástæðu þess af hverju farin er sú leið að leggja fram nýjar starfsreglur í stað þess að leggja til breytingar á núgildandi reglum.